

en honum bar að lýsa kröfu sinni, og á sjálfum sér því mest að kenna um, að hann fékk ekki úthlutunarpennina, 21% af kröfu sinni, eins og hún hefði verið úrskurðuð gild af skiptaréttinum. Ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, en með tilliti til þess, að stefndur á líka sök á því, að krafa Karvels Jónssonar kom eigi fyrir skiptaréttinn eða var tekin til greina við nauðasamninga-meðferð skiptaréttarins á þú stefnds, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndur, Egill Ragnars Siglufirði, sé sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 26. janúar 1944.

Nr. 59/1943. **Valdstjórnin** (cand. jur. Ragnar Ólafsson)
gegn

Jóni Ívarssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar lög nr. 99 19. des. 1942 og auglýsing sett samkvæmt þeim sama dag komu til framkvæmdar, voru í gildi ýmis ákvæði um hámarksverð á vörum og hámarksálagningu á vörur, er sett höfðu verið af dómnefnd í verðlagsmálum, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1942 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum. Í nefndri auglýsingu 19. des. 1942 er lagt bann við því að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru innlenda eða erlenda við herra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. des. 1942. Ákvæði þessi skyldu gilda til og með 28. febr. 1943.

Nú kom það í ljós, að verðlag sömu vöru á sama verzlunarstað þann 18. des. 1942 var mishátt, og það á vörum, er verðlagðar höfðu verið í samræmi við ákvæði dómnefndar í verðlagsmálum. Þessu olli misjafnt innkaupsverð. Virtist þá dómnefndinni hæpið að banna verzlunum að selja vörur því verði, sem dómnefndin hafði áður ákveðið, og verzlaniir því höfðu löglega á þær sett. Dóm-

nefndin lagði þetta mál fyrir ríkisstjórnina, og varð það að ráði, að ekki skyldi krafizt lækkunar vöruverðs fram yfir áður auglýst hámarksverð, enda færi álagning eigi fram úr leyfðu hámarki. Samkvæmt þessu auglýsti dómnefndin 23. des. 1942 hámarksverð þau, er giltu fyrir 18. s. m., og lýsti því jafnframt, að hinar áður auglýstu ákvarðanir um hámarksálagningu skuli vera áfram í gildi. Þessar ákvarðanir ríkisstjórnar og dómnefndar tilkynnti Samband is-lenzkra samvinnufélaga kærða í símskeyti 31. des. 1942 og bréfi 2. jan. 1943.

Hefur nú verið lýst ákvörðunum verðlagsyfirvalda um framkvæmd ákvæða auglýsingarinnar frá 19. des. 1942, og skal þá vikið að einstökum kærutriðum.

1. Kolin. Svo sem í héraðsdómi segir, keypti kærði fyrir hönd Kaupfélags Austur-Skaftfellinga 62 smálestir af kolum frá Norðfirði. Var uppskipun kolanna á Hornafirði lokið 12. jan. 1943, og reyndist kostnaðarverð þeirra kominna í hús þar, kr. 242.52 hver smalest. Kaupfélagið átti fyrir um 30 smálestir af kolum, en það hafði fyrir 18. des. 1942 selt kolasmalest hverja á 175 krónur. Kærði verðlagði nú nýju og gömlu kolin sameiginlega á 220 krónur smalestina og hélt þeim í því verði til 20. jan. 1943. Seldist af kolabirgðunum á tímabilinu frá 13.—20. janúar 9425 kg til 39 kaupenda. Á þessum tíma hafði kærði gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá samþykki dómnefndar og ríkisstjórnar til þess að selja kolin kostnaðarverði eða vilyrði ríkisstjórnar um bætur úr rikissjóði, ef kolin væru seld fyrir 175 kr. smalestin. Hvorugu þessu fékk hann framgengt. Tók hann þá þann 20. janúar það ráð að lækka verð kolanna niður í 175 krónur smalestina og endurgreiða verðmuninn þeim, er keypt höfðu kolin hærra verðinu. Er þeirri endurgreiðslu talið lokið. Sala kolanna 13.—19. jan. við því verði, er að framan greinir, varðaði að visu við auglýsingu nr. 100/1942, en þar sem málinu var svo háttað, sem áður er lýst, og ofgildið kolaverð hefur verið endurgreitt samkvæmt ákvörðun kærða, er hann tók af sjálfsdáðum og áður en hann fékk vitneskju um kærana á hendur sér, þá þykir refsing fyrir þann verknað, er hér greinir,

eiga að falla niður samkvæmt 8. tölulið og síðustu málsg. 74. gr. laga nr. 19/1940.

2. Kornvörur og sykur. Hér verður að greina á milli tvenns konar vöru:

a) Fyrst kemur til athugunar vara, er kærði fékk í nóvember 1942, verðlagði í des. s. á. og seldi ekki fyrr en eftir 12. jan. 1943. Verð vöru þessarar var hærra en verð sömu vörutegunda hafði verið í Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga 18. des. 1942. Hins vegar var gætt hámarksverðs þess og hámarksálagningar, er greindi í auglýsingu dómnefndar 23. des. 1942 og öðrum ákvörðunum hennar. Hækkunin verður að visu ekki samþýdd ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942, en þar sem þetta frávik var reist á ákvörðunum verðlagsyfirvalda, eins og áður segir, þykir rétt að ákveða samkvæmt 3. tölulið og síðustu málsg. 74. gr. laga nr. 19/1940, að refsing kærða fyrir þetta falli niður.

b) Kemur þá til álita meðferð kærða á vörubirgðum þeim, er hann seldi af fram yfir 18. des. 1942 og hann hafði fengið og verðlagt, áður en honum bærust vörur þær, er í a-lið greinir. Eru vörur þessar taldar upp í héraðsdóminum. Er kaupfélagsbúðin var opnuð á ný í janúar 1943, hafði eldri og yngri vörubirgðum verið blandað saman, enda í sams konar umbúðum. Voru vörur þessar síðan seldar jöfnum höndum við hærra verði en sams konar vörur voru seldar þar 18. des. 1942. Kærði kveðst hafa ætlað að selja fyrst við hækkða verðinu vörumagn, er svaraði til nýju birgðanna, en lækka síðan verð á vöru þeirri, er þá yrði eftir, niður í verðlag það, sem á sams konar vöru var 18. des. 1942. Sala af eldri vörubirgðunum, eins og að framan greinir, er brot á ákvæðum auglýsingar nr. 100/1942, og ákvarðanir verðlagsyfirvalda, er kærði fékk vitneskju um í símskeyti og bréfi Sambands íslenzkra samvinnufélaga, veittu honum ekki ástæðu til að ætla, að þessi ráðstöfun yrði látin óátalin og verður að meta honum þetta til sektar.

3. Kaffi og kaffibætir. Þessar vörur voru hluti af eldri birgðum kaupfélagsins, er verið höfðu til sölu fyrir 18. des. 1942. Hækkun á verði vöru þessarar í janúar 1943, þótt í

smáum mæli væri, brýtur í bág við ákvæði auglýsingar nr. 100/1942, og ber því að meta kærða það til sektar.

Brot kærða varða við 2. gr. laga nr. 99/1942. Þykir sekt hans hæfilega ákveðin 400 krónur til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 10 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða sakarkostnað, þar á meðal laun skipaðs talsmanns í héraði, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Ívarsson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs talsmanns síns í héraði. Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, cand. jur. Ragnars Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. júní 1943.

Ár 1943, föstudaginn 11. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Valdimar Stefánssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, uppkveðinn dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Jóni Ívarssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ívarssyni, fyrrverandi kaupfélagsstjóra í Höfn í Hornafirði, fyrir brot gegn lögum nr. 99 19. desember 1942, um breytingu á lögum nr. 79 1. september 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum, og ríkisstjóra-auglýsing nr. 100 19. des. 1942, um bann gegn verðhækkun.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Hinn 16. janúar s. l. ritaði verkalýðsfélagið Jökull í Höfn á Hornafirði Alþýðusambandi Íslands bréf, þar sem frá því var skýrt, að orðið hefði verðhækkun hjá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga í Höfn á Hornafirði á kolum og nokkrum matvörutegundum um síðustu áramót og óskað var athugunar á þessu sem fyrst. Hinn 20. sama mánaðar sendi Alþýðusamband Íslands dómsmálaráðuneytinu þetta erindi verklýðsfélagsins og kærði kaupfélagið til refsingar, ef það með verðhækkunum þessum hefði brotið verðlagslöggjöfina.

Hinn 22. janúar skipaði dómsmálaráðuneytið rannsókn í málinu, og hófst hún 1. febrúar s. l. Dómur var uppkveðinn 22. febrúar, en hann var ómerktur í hæstarétti 5. apríl s. l. og málinu vísað heim í hérað. Er því málið nú dæmt að nýju. Skulu nú raktir málavextir og efnið, vegna nokkuð mismunandi málsatvika, greint í þessi atriði: Kol, kornvörur og sykur, og loks kaffi og kaffibætur.

Kol.

Samkvæmt skýrslu kærða, sem kemur heim við annað, sem fram er komið í málinu, voru málavextir um kolin þeir, er nú skulu greindir:

Um síðastliðin áramót var mjög tekið að ganga á kolabirgðir kaupfélagsins, og var fyrirsjáanlegt, að félagið yrði kolalaust um miðjan janúar, ef köld yrði veðráttá, eins og var um áramótin. Hinn 6. janúar tók kærði að kynna sér, hvort kol væru fáanleg frá Austfjörðum eða annars staðar frá. Ógerlegt reyndist að fá kol í tæka tíð frá útlöndum, en kol voru fáanleg í verzlun Sigfúsar Sveinssonar í Neskaupstað, er kostuðu kr. 160.00 smálestin í húsi þar. Sökum þess, hvernig ástatt var með kol í Hornafirði, ákvað kærði, að félagið keypti af kolum þessum einn farm m/s „Stellu“ frá Neskaupstað. M/s „Stella“ kom síðan 10. janúar með 62 smálestir kola til Hornafjarðar. Uppskipun fór fram 11. og 12. janúar, og voru kolin öll flutt í birgðageymslu kaupfélagsins. Verð kola þessara, kominna í hús í Hornafirði, var þetta:

Verð í húsi í Neskaupstað, 62 smálestir á kr. 160.00	kr.	9920.00
Útskipun	—	768.00
Vörugjald í Neskaupstað	—	186.00
Flutningskostnaður með m/s Stella	—	2000.00
Uppskipun	—	2069.35
Hafnargjöld í Höfn í Hornafirði	—	93.00
	Alls	kr. 15036.35

Kostnaðarverð hvefrrar smálestar kolanna, kominna í hús í Höfn, var því kr. 242.52.

Þegar kol þessi komu til kaupfélagsins, átti það tæpar 30 smálestir (29840 kg) kola fyrir á staðnum. Höfðu kolabirgðir þær, sem

Þessi kol voru af, verið þá undanfarið, þar á meðal 18. desember 1942, seldar fyrir kr. 175.00 smálestin.

Þegar kærði var að leita fyrir sér með kolakaupin, var honum ljóst, að ókleift yrði að selja hin nýkeyptu kol sama verði og eldri þingðirnar, nema kaupfélaginu til tjóns. Hinn 6. janúar talaði hann í síma við skrifstofustjóra dómnefndar í verðlagsmálum, skýrði honum frá, hver nauðsyn væri á að fá kolin til Hornafjarðar, hvert kaupverð þeirra væri og hvaða kostnaðarliðir yrðu við flutning þeirra frá Neskaupstað til Hornafjarðar, og spurði, hvort ekki væri leyfilegt að selja kolin kostnaðarverði eða hvernig skyldi fara með verðlagningu þeirra. Í samtalinu virtist kærða skrifstofustjórinn telja óhjákvæmilegt og eðlilegt, að kaupfélagið seldi kolin kostnaðarverði. Kvaðst skrifstofustjórinn mundu leggja málefni þetta fyrir dómnefndina. Sólarhring síðar skýrði skrifstofustjórinn kærðum frá því í síma, að hann hefði þann dag, 7. janúar, leitað álits dómnefndarinnar, en hún hefði ekki talið sig hafa heimild til að samþykkja verð það, sem kaupfélagið hafði talið sig þurfa að selja kolin fyrir til að sleppa skaðlaust, eða nokkurn veginn skaðlaust. Skýrði skrifstofustjórinn kærða frá, að dómnefndin teldi, að um mál þetta yrði að leita til ríkisstjórnarinnar.

Að morgni 8. janúar talaði kærði í síma við fulltrúa í viðskiptamálaráðuneytinu og skýrði honum frá málinu á sömu lund og hann hafði skýrt skrifstofustjóra dómnefndarinnar frá því, og óskaði heimildar til þess að mega selja kolin óhjákvæmilegu kostnaðarverði. Fulltrúinn kvaðst ekki sjálfur bær til ákvarðana um mál þetta. Þá óskaði kærði, að málið yrði borið undir viðskiptamálaráðherra og hans úrskurðar leitað. Fulltrúinn hét að gera það við fyrsta tækifæri og að láta kærða vita um svör ráðherrans.

Dagana 11. og 12. janúar var kolunum skipað upp á Hornafirði, og var þá orðið mjög áriðandi að fá úr málum þessum skorið, en til þess tíma hafði kærða ekkert svar borizt frá ráðuneytinu. Báða þessa daga talaði kærði við fulltrúann í síma, án þess að fá nokkurn endanlegan úrskurð ráðuneytisins. Í samtölum þessum, öðru hvoru eða báðum, gat kærði þeirra leiða, er honum höfðu hugkvæmt um lausn málsins. Önnur var sú, að nýju kolin yrðu seld fyrir kr. 175.00 smálestin, og ríkissjóður greiddi kaupfélaginu mismun þess verðs og kostnaðarverðs nýju kolanna. Hin var sú, að verðjafna nýju kolin og hin gömlu, og taldi kærði, að þá yrði útsöluverð allra kolanna kr. 220.00 smálestin, en í því verði væri þó ekki gert ráð fyrir rýrnun kolanna eða afhendingarkostnaði né neinni álagningu.

Hinn 13. janúar lét kærði hefja sölu kolanna og ákvað söluverð allra kolanna, bæði hinna gömlu og nýju, kr. 220.00 smálestin í húsi kaupfélagsins. Þessa ákvörðun um verðið tók ákærði í því trausti, að ríkisstjórnin veitti samþykki sitt til að selja mætti kolin þessu

verði. Kolin voru nú seld þessu verði til 20. janúar, og voru því nær eingöngu seld hin nýju kol. Ein smálest eldri kolanna var þó seld samkvæmt sérstakri beiðni kaupandans. Á þessu tímabili voru seld 9425 kg kolanna 39 kaupendum.

Þegar kominn var 20. janúar án þess að kærða bærst svar ráðuneytisins, talaði hann enn í síma við fulltrúann í viðskiptamála-ráðuneytinu og spurði hann, hvernig málinu væri komið. Kvað fulltrúinn enga breytingu hafa orðið frá 12. janúar, hann hefði talað við ráðherrann, sem engin svör hefði gefið, eftir því sem kærða skildist. Þar sem kærði þannig fékk engan úrskurð ráðuneytisins um málið, ákvað hann þegar að þessu samtali loknu að breyta söluverði kolanna úr kr. 220.00 í kr. 175.00 smálestina, eins og verið hafði 18. desember s. l., og endurgreiða þeim, sem kol höfðu keypt fyrir kr. 220.00 smálestina, mismuninn á nýja verðinu og hinu gamla. Lét hann samdægurs festa upp í sölubúð kaupfélagsins auglýsingu um þetta efni og rita í frumbók, hverir hefðu keypt kol háa verðinu, hversu mikið þeir hefðu keypt og hvað hver skyldi fá endurgreitt. Dómari skoðaði frumbók þessa 2. febrúar, og höfðu þá 19 kaupendanna kvittað fyrir endurgreiðslunni. Kærði kveður kaupendum munu verða endurgreiddur mismunurinn, þegar til þeirra næst. Meðan kolin voru seld fyrir kr. 220.00 smálestin, var kaupendum þeirra engin vitneskja veitt um, að vænta mætti breytinga kolaverðsins eða að þeir kynnu að fá endurgreiðslu.

Þegar kærði ákvað verðbreytinguna 20. janúar, hafði hann engar fregnir haft af kæru Alþýðusambands Íslands eða verkalýðsfélagsins Jökuls. Skömmu eftir að kolaverðið hækkaði, talaði formaður verkalýðsfélagsins við kærða um verðhækkunina, og tjáði kærði honum þá, að hann (kærði) væri að vinna að því, að ríkissjóður greiddi verðmismuninn.

Kornvörur og sykur.

Sölubúð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga var lokað vegna vörutalningar frá jólum til 12. janúar að morgni. Þegar lokað var um jólin, hafði verð matvöru í kaupfélaginu haldizt óbreytt frá því löngu fyrir 18. desember s. l. Þegar búðin var opnuð 12. janúar, var verð margra matvörutegunda óbreytt frá því, sem var fyrir jólin, en nokkrar höfðu hækkað í verði og voru seldar á því nýja verði fram að mánaðamótum febrúar og marz s. l., eftir því sem fram hefur komið. Voru það þessar vörutegundir:

Hveiti, verð 18. des. kr. 0.84 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 0.96 pr. kg.

— verð 18. des. kr. 41.50 pr. 50 kg sekk, verð 12. jan. og síðan kr. 47.50 pr. sekk.

Hafragrjón, verð 18. des. kr. 1.10 pr. kg, verð 12. jan og síðan kr. 1.37 pr. kg.

Hafragrjón, verð 18. des. kr. 54.00 pr. 50 kg sekk, verð 12. jan. og síðan kr. 68 pr. sekk.

Hrisgrjón, verð 18. des. kr. 1.90 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 2.00 pr. kg.

Molasykur, verð 18. des. kr. 1.70 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 1.94 pr. kg.

— verð 18. des. kr. 38.25 pr. kassa (22.68 kg), verð 12. jan. og síðan kr. 42.50 pr. kassa.

Strásykur, verð 18. des. kr. 1:50 pr. kg, verð 12. jan. og síðan kr. 1.70 pr. kg.

— verð 18. des. kr. 67.00 pr. sekk (45.36 kg), verð 12. jan og síðan kr. 76.50 pr. sekk.

Ekkert hefur fram komið, er hnekki skýrslu kærðs um ástæðuna til verðhækkana þessara, og skal nú skýrsla hans um þetta atriði **rakin**.

Í nóvember s. l. fékk kaupfélagið, aðallega frá Sambandi isl. samvinnufélaga, nokkrar birgðir af nefndum vörutegundum. Af þessum birgðum var ekkert selt fyrr en eftir opnun sölubúðarinnar 12 janúar. Frá því vörur þessar komu og þar til lokað var um jólin, voru einungis seldar hinar eldri og ódýrari vörur. Við árslok 1942 voru þessar birgðir til af eldri vörunum: 200 sekkir hveiti, 14 sekkir hafragrjón, 76 sekkir hrisgrjón, 365 sekkir strásykur og 413 kassar molasykur. Nýju vörurnar voru verðlagðar skömmu eftir að þær komu, og var verð þeirra ákveðið svö sem það varð 12. janúar og áður er rakið. Frá 12. janúar hafa einungis verið seldar hinar nýju vörur. Dómnefnd í verðlagsmálum hefur athugað álagningu kaupfélagsins á vörutegundir þessar og komið að þeirri niðurstöðu, að álagningin fari hvergi fram yfir 30%, þar sem kaupfélaginu hafi, eins og á stóð, verið leyfilegt að telja til kostnaðarverðs varanna kr. 37.00 pr. smálest fyrir uppskipunarkostnaði. Kærði ákvað að selja allar hinar nýju og dýrari vörur áður en hann hæfi aftur sölu eldri, ódýrari varanna, en þær ætlaði hann að selja sama verði og á þeim var 18. des. s. l.

Ætlunin var þó ekki að geyma sjálfar eldri vörurnar, heldur sama vörumagn og til var á áramótum af eldri vörunum. Átti því að selja á háa verðinu bæði eldri og yngri birgðirnar eftir því sem verkast vildi, þar til lokið væri magni hinna nýju birgða.

Um ástæðuna fyrir því, að kærði taldi fært að selja vörurnar herra verði en verið hafði 18. des. s. l., hefur hann vitnað í símskeyti, er Samband isl. samvinnufélaga sendi kaupfélaginu 31. des. s. l., og bréf sama aðilja til kaupfélagsins, dags. 2. janúar s. l. Símskeytið hljóðar svo:

„Hámarksverð er meðal annars auglýst á eftirgreindum vörum: rúgmjöl 0.86, hveiti 0.96, hrisgrjón 2.28, haframjöl 1.37, molasykur 1.95 strausykur 1.70, álagning má þó ekki vera hærri en áður.“

Bréfið hljóðar svo:

„Til skýringar á símskeyti voru, dags. 31. des. s. l., um hámarksverð á nokkrum vörutegundum, viljum vér taka þetta fram:

Nefnt hámarksverð gildir þar til annað hámarksverð verður auglýst, en er þó háð því skilyrði, að álagning fari ekki fram yfir það, sem áður hefur verið heimilt.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessi verðlagsákvæði til þess að fyrirbyggja stórfellt tap verzlunarfyrtækja á vörubirgðum þeim, sem nú eru til í landinu, þrátt fyrir það þó þessi ákvæði brjóti í bág við nýútgefin lög um það, að ekki megi selja vörur hærra verði en lægst var á hverjum stað hinn 18. des. s. l.“

Vegna þessa samþykkis ríkisstjórnarinnar, sem frá er skýrt í bréfinu, taldi kærði kaupfélaginu heimila verðhækkun nefndra matvara og taldi, að þetta samþykki ríkisstjórnarinnar gæti einnig náð til þeirra, sem ættu eldri verðlægrei vörubirgðir.

Í sambandi við þetta atriði hefur verið lögð fram í málinu greinargerð viðskiptamálaráðuneytisins, sem ráðuneytið sendi blöðunum til birtingar 28. janúar s. l. Er greinargerðin svo hljóðandi:

„Vegna þess að nokkrar umræður hafa orðið í blöðum um, hvaða verð eigi að vera gildandi á kornvöru og sykri, hinum svonefndu skömmtunarvörum, vill ráðuneytið gefa eftirfarandi upplýsingar:

Síðan tekið var upp eftirlit með verðlagi nefndra skömmtunarvara og hámarksálagning ákveðin, hefur jafnan öðru hverju verið tvenns konar verð, og hvorttveggja löglegt, á þessum vörum, vegna þess að eldri birgðir má ekki hækka í verði þótt nýjar birgðir komi, sem eru í hærra verði. Slikt hefur aldrei verið leyft. Verzlanir eru skyldar að halda hinu lægra verði meðan þær birgðir endast, sem verðið er miðað við.

Síðasta verðbreyting á skömmtunarvörum var gerð 2. desember s. l. og þá auglýst af dómnefnd í verðlagsmálum. Varð þá nokkur verðhækkun á sykri, haframjöli, hveiti og rúgmjöli. Eins og jafnan hefur verið áður í sambandi við slíkar verðbreytingar, hefur misjafnt staðið á um það, hversu verzlunum hafa enzt hinar eldri birgðir, bæði í Reykjavík og úti um land.

Þegar lögin um verðfestingu frá 19. desember komu til framkvæmda, munu eldri birgðirnar yfirleitt hafa verið að mestu seldar, en á því hafa þó verið undantekningar, þó sérstaklega úti um land.

Þegar breytingin var gerð á lögum nr. 79 1942, og í þau sett bann gegn verðhækkun til 28. febrúar, var ríkisstjórninni ljóst, hvernig á stóð um skömmtunarvörurnar, og því var sett í lögina í 1. gr. 1. málsg.: „Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómnefnd úr.“

Hámarksverð það, sem auglýst hefur verið af dómnefnd í verð-

lagsmálum, varðandi umræddar vörur, telur ráðuneytið vera það verð, sem heimilt er að setja á þessar vörur, enda sé þá jafnframt fylgt ákvæðum um hámarksálagningu.“

Kaffi og kaffibætur.

Hinn 18. des. s. l. seldi Kaupfélag Austur-Skaftfellinga óbrennt kaffi á kr. 4.25 pr. kg og kaffibæti á kr. 6.60 pr. kg. Frá 12. janúar s. l. hefur það selt óbrennt kaffi á kr. 4.40 pr. kg og kaffibæti á kr. 6.80 pr. kg.

Um óbrennda kaffið skýrir kærði svo frá, að síðustu birgðir þess hafi komið til kaupfélagsins í s. l. septembermánuði. Var verð þess í útsölu til áramóta kr. 4.25 kg. Þegar kaupfélagið fékk kaffið, voru verðlagsákvæðin um það þannig, að álagning mátti vera 25%, en verðið þó aldrei fara fram úr kr. 4.22 pr. kg að viðbættum kr. 25.00 pr. smálest úti um land vegna flutningskostnaðar. Flutningskostnaðaruppbót þessi var því kr. 0.025 pr. kg, en vegna þess að raunverulegur kostnaður var mun meiri, þegar varan kom til félagsins, vegna mjög hækkaðs kaupgjalds, ákvað kærði, án þess að hafa um það samráð við dómnefndina, að reikna flutningskostnaðaruppbótina kr. 0.05 pr. kg. Þegar kaffið var komið til félagsins, var fallinn á það svo mikill kostnaður, að hefði átt að nota 25% álagningarheimildina til fulls, hefði útsöluverðið að áliti kærða þurft að vera kr. 4.35 pr. kg, að meðtöldum flutningskostnaðaraurunum. Hinn 12. nóv. s. l. hækkaði dómnefndin hámarksverð óbrennds kaffis í kr. 5.70 pr. kg. Þegar svo var komið, taldi kærði sér um áramótin heimilt að nota til fulls 25% álagninguna, sem heimil var í september, en sem þá varð ekki notuð sökum þess, að hámarksverð pr. kg var kr. 4.22. Með því að nota hana til fulls var verðið kr. 4.35 pr. kg, en kærði ákvað útsöluverðið kr. 4.40 pr. kg með það fyrir augum, að talan yrði þægilegri í reikningi, þar sem vara þessi sé keypt í mjög smáum og ólíkum skömmtum.

Um kaffibætinn skýrir kærði svo frá, að hámarksverð hans hafi 23. des. s. l. og nokkuð lengi þar áður, verið kr. 6.50 pr. kg. Auk þess hafði dómnefndin 19. júní s. l. auglýst, að bæta mætti við verðið kr. 0.20 pr. kg á þeim verzlunarstöðum, sem varan væri flutt til með strandferðaskipum, en í Hornafirði hagar þannig til. Samkvæmt þessu átti hið leyfilega hámarksverð að vera kr. 6.70 pr. kg, og telur kærði kaffibætinn því í des s. l. hafa verið 10 aurum ódýrari pr. kg en leyfilegt hafi verið. Um áramótin taldi kærði sig vita með vissu, að dómnefndin hefði ákveðið að heimila 30 aura álagningu á kg fyrir umbúða- og flutningskostnaði á þeim stöðum, sem varan væri flutt til með strandferðaskipum, auk hinnar venjulegu álagningar, í stað 20 aura áður. Var sú hækkun auglýst af dómnefndinni 13. október s. l. Samkvæmt þessu ákvað kærði útsöluverð kaffibætisins eftir áramótin kr. 6.80.

Viðskiptaráð og þeir, er voru í dómnefndinni á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafa verið beðnir um rökstutt álit um, hvort og að hverju leyti kærði hafi með framangreindum athöfnum sínum brotið verðlagsákvæði, en hvorugur þessara aðilja hefur séð sér fært að láta í té álit um þetta efni.

Auglýsing ríkisstjóra Íslands nr. 100 19. desember 1942, um bann gegn verðhækkun, bannar að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru, innlenda eða erlenda, við herra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. desember s. l. Í Hornafirði er engin önnur verzlun en Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, og er því eigi í þessu máli við annað verð að miða en útsöluverð kaupfélagsins.

Með hækkun kolaverðsins hefur kærði að álitu réttarins brotið gegn ríkisstjóraauglýsingunni, og fær hvorki hið háa kostnaðarverð kolanna né greinargerð ríkisstjórnarinnar um verðlagningu skömmtunarvara réttlætt verðhækkunina, en meta ber kærða til refsilækkunar með hliðsjón af 74. gr. 8. tölulið hegningarlaganna, lækkun kolaverðsins 20. janúar, áður en honum varð kunnugt um kæruna.

Við verðlagningu kornvaranna og sykursins hélt kærði sér innan takmarka hinnar auglýstu hámarksálagningar. Þar sem kærða hinn 12. janúar var kunnugt, að viðskiptamálaráðuneytið taldi, að hámarksverð það, sem dómnefndin hafði auglýst á skömmtunarvöru, væri það verð, sem heimilt væri að selja þessar vörur fyrir, enda væri þá jafnframt fylgt ákvæðum um hámarksálagningu, og þar sem ráðuneytið hefur opinberlega lýst yfir þessu álitu sínu, þykir kærði eigi verða sakfelldur fyrir sjálfa verðlagningu nefndra vara. Kemur þá hitt til álita, hvort kærða hafi verið leyfilegt að stöðva sölu eldri, ódýrari birgðanna og geyma þær þar til síðar. Með því að halda áfram sölu eldri birgðanna meðan þær entust, þurfti kærði ekki fyrst um sinn að hvika frá ríkisstjóraauglýsingunni, hvað þessar vörur snertir. La þetta beint við og var í fyllsta samræmi við ríkisstjóraauglýsinguna. Í greinargerð viðskiptamálaráðuneytisins hér að framan er og tekið fram, að verðlagningu séu skyldar að halda hinu lægra verði, meðan þær birgðir, sem verðið er miðað við, endast.

Liggur nú fyrir sérstök yfirlýsing viðskiptamálaráðuneytisins í máli þessu, þar sem segir, að skilorð þess að hækka mætti vöru til hámarksverðs, er sett hafði verið af dómnefndinni, hafi að álitu ráðuneytisins verið, að þrotnar væru allar eldri birgðir sömu vöru með lægra verði, og að fylgt væri gildandi ákvæðum um hámarksálagningu.

Hvorki dómnefndin né viðskiptaráð hafa úrskurðað um þetta atriði og hafa ekki látið uppi álit sitt um það, þrátt fyrir tilmæli dómara.

Verður að lita svo á, að þó að sala nýju birgðanna fyrir hið nýja og herra verð væri kærða vitalaus, að eldri birgðunum

seldum, hafi hann með sölu nýju birgðanna, meðan eldri birgðirnar voru til, gerzt brotlegar við ríkisstjóraauglýsinguna.

Með verðhækkuninni á óbrenndu kaffi og kaffibæti um áramótin hefur kærði brotið gegn ríkisstjóraauglýsingunni.

Samkvæmt 9. gr. 2. mgr. laga nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. 2. gr. laga nr. 99 19. des. 1942, þykir refsing kærða eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin ólöglega verðhækkun kolanna hefur ýmist verið endurgreidd kaupendum eða tryggt má teljast, að hún verði endurgreidd þeim. Ólöglegur ágóði virðist enginn hafa verið af sölu kornvaranna og sykursins.

Um upptöku ólöglegs ágóða af sölu kaffis og kaffibætis verður eigi dæmt í þessu máli, þar sem hann rann til kaupfélagsins, en kærði hefur nú sagt af sér framkvæmdastjórástöðunni við félagið og telst því eigi lengur réttur forsvarsmáður þess.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls málskostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Sveinbjarnar Jónssonar hrl., kr. 400.00.

Rekstur málsins frá uppkvaðningu ómerkingardóms hæstaréttar hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Ívarsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.